

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 140 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 140 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss nr. 14 25. janúar 1968.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. apríl 1969.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

30. apríl 1969.

Nr. 115.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða og nágrennis sér um dreifingu hitaorku úr veitukerfum, sem hún lætur gera, og innheimtir gjald fyrir það, eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Flúða og nágrennis og gjaldskrá þessari.

Hitaveitan sér um innheimtu gjalds fyrir hitaréttindi, sem notendum eru í té látn, hverju sinni.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd verða veitukerfum hennar, í té hitaorku, sem ætla má, að nægi til hitunar, að álitu sérfróðra manna, enda séu ofnar nógu stórir.

Ekki skal reikna með, að meðalhiti ofna sé hærri en 65° C.

3. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

Af hverjum pöntuðum sek.l.	kr. 10 000.00.
Af íbúðar-, skóla- og samkomuhúsnæði	— 15.00 m ³ .
Af iðnaðar-, verzlunar- og verkstæðishúsnæði	— 10.00 m ³ .
Af öðru húsnæði	— 5.00 m ³ .

4. gr.

Rekstrargjöld skulu vera sem hér segir:

Af íbúðar-, skóla- og samkomuhúsnæði	kr. 15.00 m ³ /ár.
Af iðnaðar-, verzlunar- og verkstæðishúsnæði	— 10.00 m ³ /ár.
Af öðru húsnæði	— 5.00 m ³ /ár.
Af hverjum sek.l. til ylræktar	— 11 000.00 á ári.

5. gr.

Stofngjöld skulu greidd, þegar stjórn hitaveitunnar ákveður. Gjöld samkvæmt 4. gr. skulu krafín ársfjórðungslega. Hver húseigandi og ábúandi býlis ber ábyrgð á því, að stofngjald og rekstrargjöld séu greidd á réttum gjalddögum. Það teljast vanskil, ef gjald er ekki greitt að fullu innan fjórtán daga frá gjalddaga.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

7. gr.

Hitaveitan hefur rétt á að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Ákvörðun um lokun tilkynnist með tíu daga fyrirvara. Kostnað af slíku greiðir sá, sem vanskilum veldur.

8. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að stillikrönum, hemlum og ef settir verða mælar eða önnur stillitæki, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum starfsmanna veitunnar gegn misnotkun heita vatnsins.

9. gr.

Heimilt er stjórn hitaveitunnar að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist, án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn Hitaveitu Flúða, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðunetið, 30. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.